

Ræða formanns Viðskiptaráðs Íslands

Katrín Olga Jóhannesdóttir

Hjartanlega til hamingju með daginn kæru útskriftarnemar, rektor og aðrir góðir gestir, það er mér mikill heiður að fá að vera með ykkur á þessum tímamótum í lífi ykkar.

Tímamót, þar sem þið eruð að ljúka merkur áfanga og á slíkri stundu er alltaf gott að staldra við og spyrja sjálfan sig, er ég á réttri leið, er ég ánægð með val mitt, er ég að uppfylla draum minn.

Við ykkur segi ég – látið ykkur dreyma því þá eru meiri líkur á því að þið lifið drauma ykkar. Það eru margir sem munu reyna að hafa áhrif á leið ykkar í lífinu - aðilar sem telja sig vita betur en þið um ykkar drauma. Ekki láta hafa áhrif á væntingar ykkar og langanir – þið þekkið best ykkur sjálf, hvar styrkleikar ykkar og veikleikar liggja – veljið því leiðir sem efla styrkinn og draga úr veikleika. Ef þið veljið leiðir í lífinu, útfrá skoðunum og löngunum annarra, vantar svo margt – það vantar ástríðuna og brunann við að gera það sem þið brennið fyrir – og það er misjafnt mannanna á milli. Mitt ráð til ykkar er því að fylgja ykkar eigin innsæi. Tíminn er dýrmætur, ekki eyða honum í það sem þú heldur að þú eigir að gera, eyddu honum heldur í það sem þig langar að gera.

Eftir að ég tók við sem formaður Viðskiptaráðs Íslands hefur mér verið tíðrætt um fjölbreytileikann. Fjölbreytni er orð sem hefur stóra merkingu – það felur í sér víðsýni, framsýni og kjark. Því þurfum við að sjá fjölbreytni sem víðast – í mannlífinu, við stjórnun fyrirtækja, við ólík rekstrarform og síðast en ekki síst í atvinnulífinu almennt. Við höfum séð góðar breytingar gerast þar - við erum ekki eins háð einum atvinnugeira eins og áður – núna höfum við sjávarútveg, stóriðju og ferðaþjónustu sem uppsprettu verðmætasköpunar.

En við höfum óplægðan akur í einum geira – alþjóðageiranum – þessi geiri byggir ekki á auðlindum heldur hugverki – því sem þið eigið nóg af, kæru útskriftarnemar og hafið mikið til málanna að leggja. Hugverk og kjark til að búa til næsta Marel, nýjan Össur, nýtt CCP eða jafnvel hugsa enn stærra – nýtt Google, nýtt Spotify, nýtt Snapchat. Ég hvet ykkur að skoða tækifærin í þessum geira þegar þið finnið ykkar sillu í lífinu – því þau eru óteljandi og þar eiga litlar þjóðir eins og Ísland jafngóða möguleika og aðrar þjóðir – við erum ekki með hugarfar smælingjans – við Íslendingar erum stórhuga og hugurinn ber mann jú hálf leið.

Kæru útskriftarnemar ég óska ykkur, fjölskyldum ykkar og starfsfólki skólans til hamingju með daginn og það er mér sönn ánægja að veita viðurkenningar fyrir frammúrskarandi námsárangur fyrir hönd Viðskiptaráðs Íslands.

Viðurkenningarnar eru verk eftir listakonuna Elísabetu Ásberg sem ber viðeigandi nafn fyrir þetta tilefni eða nafnið Viska.

Ég vil biðja....

- Ólaf Val Guðjónsson úr lagadeild
- Ara Pál Ísberg úr tækni- og verkfræðideild
- Tómas Arnar Guðmundsson úr tölvunarfræðideild
- og Vöku Valsdóttir úr viðskiptadeild

Talað orð gildir

...að koma hér upp og taka við þessari viðurkenningu

Á meðan þau ganga hér upp vil ég þakka fyrir að leyfa mér að deila þessum tímamótum með ykkur og segi - njótið lífsins, verið þið sjálf og hafið gleðina ávallt með í för.